



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Directorate of Health

Yfirhjúkrunarfræðingar/framkvæmdastjórar hjúkrunar
Yfirlæknar/framkvæmdastjórar lækninga
á heilbrigðisstofnunum/heilsugæslustöðvum
Miðstöð heilsuverndar barna, Miðstöð mæðraverndar

Seltjarnarnes, 31. ágúst 2009

2009010269/45.01/MH/ABA/hp

Dreifibréf Landlæknisembættisins Nr. 10/2009

Efni: Endurskoðuð handbók í ung- og smábarnavernd

Endurskoðuð Handbók í ung- og smábarnavernd verður sett á heimasíðu Landlæknisembættisins 1. september n.k. (gæti þó tafist um 1-2 daga). Handbókin verður sett inn sem heildarplagg og einnig sundurliðuð í kafla. Fyrst um sinn verður handbókin eingöngu gefin út á vef Landlæknisembættisins.

Ný útgáfa af SÖGU (SAGA 33) verður tilbúin í september. Hún verður fyrst sett upp hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins en síðan á landsvísu, væntanlega lokið fyrir áramót. Í nýju útgáfunni er m.a. sérstök eining fyrir ung- og smábarnavernd, en einnig eru aðrar breytingar þar inni.

Þær heilsugæslustöðvar sem ekki eru komnar með nýju útgáfuna geta notað eyðublaðið *Skoðun* í núverandi útgáfu SÖGU. Skrifa þarf í texta hvaða skoðun um ræðir og nákvæman aldurs barns (t.d. 4 ára, 6 mánaða og 2 daga). Skrá útkomu úr PEDS og BRIGANCE og þau úrræði sem voru ráðlögð ef það á við. Á þessu blaði er hægt að skrá allar upplýsingar s.s. sjónpróf. Í nýju útgáfunni verður PEDS og BRIGANCE rafrænt en þar til uppfærsla hefur verið gerð verður að skrá niðurstöður á pappírformi. Heilsugæslustöðvar geta ákveðið að skanna eyðublöðin í SÖGU til að hafa þau í rafrænni sjúkraskrá barnsins. Endurmat, eftirfylgd og stöðlun matstækjanna verður á ábyrgð Landlæknisembættisins og Námsmatsstofnunar.

Bólusetningar verða samkvæmt fyrirmælum sóttvarnarlæknis.

Landlæknisembættið mælir með að nýtt fyrirkomulag í ung- og smábarnavernd verði tekið upp 1. september 2009 eða jafn skjótt og heilsugæslustöðvar teja sig fullfærar um það.

Landlæknir

Afrit:

Heilbrigðisráðuneyti